

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar Galtalæk



Dags eftirlits	26.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Meiri-Tunga 1B	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630580-0999	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Hafsteinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Erlendur og Berglind	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í þessu eftirliti og hefur fyrri frávikum verið lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldi í eldisstöð við Galtalæk. Starfsleyfið heimilar eldi á laxfiskum og má hámarkslífmassi ekki fara yfir 2 tonn á hverjum tíma. Leyfið gildir til 20. maí 2037.

Vettvangsheimsókn fór fram 26. september 2025 og voru viðstaddir Erlendur Ingvarsson, Hafsteinn Hafsteinsson og Berglind starfsmaður fiskeldisins.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Farið yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Farið yfir eftirlitsmælingar og skráningar
- Farið yfir áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma skoðuð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Tvö frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim verið lokað.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Skil skv. starfsleyfi voru öll á tilskildum tíma.

4. Heildarframleiðsla ársins 2024 var 724,8 kg, afföll 1,159 kg. Fóðurnotkun var 633 kg og er því fóðurstuðull 0,87. Samkvæmt útreikningum var heildarlosun fosfórs út frá fóðri 6,8 kg P/framleidd tonn og köfnunarefnis 36,8 kg N/framleidd tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt starfsleyfi. Einnig voru aðrar mælingar innan marka starfsleyfisins.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar eru til staðar frá árinu 2024.

6. Umhverfi og útsvæði er snyrtilegt, fimm eldisker en ekki fiskur í öllum. Frárennslið rennur gegnum rotþró og út í lækinn. Haugsuga kemur reglulega og tæmir set úr rotþrónni sem er svo notað til uppgræðslu sunnar í landinu. Gengið var með frárennsli stöðvarinnar og niður að á, engar athugasemdir.

7. Engin efni eru notuð í eldinu. Minka- og meindýragildir eru á svæðinu en ekki hefur veiðst í þær.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ANNAÐ

Annað:

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 20.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir